

Aldingarðurinn í Kristnesi 2007



Heimilisgarðurinn í Kristnesi í blóma í byrjun júlí.

Inngangur:

Þetta er önnur árskýrsla aldingarðsins og hún er unnin uppúr ræktunardagbók. Bent er á fyrri skýrslu til að fá fullnægjandi yrkislista.

Tíðin:

Þann 29/4 fór hiti yfir 20°C og sólber voru meira og minna laufguð og berjablátöppur farinn að vaxa. Þetta blessaðist þrátt fyrir hættulega heita apríldaga og ekki var um beint vorkal að ræða. Það er þó spurning hvort þetta hafi haft áhrif á blómgun kirsuberja svo dæmi séu tekin. Haustið var svalt og maí var svalur.

Framkvæmdir:

Vegarslóði var lagaður. Hann hafði farið illa í flóðum í des 2006. Þá var dittað að hliði og aðkomu. Loks var hindberja yrkjum komið fyrir á góðum stað í heimareit með 5-10 m. bili. og merkt með álsþjöldum. Þetta reyndist nauðsin vegna þess hve hindberin skríða og grautast fljótt saman standi þau með minna bili. Í hindberjasafninu nýja eru nú eftirtalin yrki: Jennka, Maurin makea, frá Stormo, Kristnes sjálfsað, frá Gyðu, 'Gamla Akureyri', Balder, frá Brekku, úr Fossvogi, frá Bergen, tvær frá Mógilsá (Þrændarlög).



Arnór við breiðuna í Mógilsá á Kjalarnesi

Söfnun hindberja yrkja úr gömlum breiðum:

Þann 25/5 Fórum við Helgi og Beate ásamt Þórði sérlegum aðstoðarmanni til Mógilsár að afla þar hindberja rótarskota, en mikil hindberjabreiða er fyrir ofan hús rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Þórarinn Benediktson fræddi okkur á því í símtali að þetta væru allt fræplöntur frá Þrændarlögum og upphaflega hafi um tíu plöntur verið gróðursettar. Enda virtist nokkur munur á klónunum þó allir yxu þeir að einhverju leiti saman. Arnór Snorrason sýndi okkur svæðið. Frá Mógilsá fórum við með tvær plöntur af sitthvorum klón.

Þá fengum við hjá Skógræktarfélagi Hafnafjarðar tvær plöntur af fræi frá Bergen. Það voru Steinar og Hólmsfríður sem redduðu því og voru okkur innan handar með meira efni.

Næst fórum við í breiðu sem vex í Fossvogi og tókum þar plöntur. Breiðan er á hægrihönd þegar ekið er frá sjúkrahúsi að ræktunarstöð.

Síðasti söfnunarstaðurinn var í Skógarreit í Brekku í Skagafirði. Þar er stór og þróttmikil breiða hindberja.

Um þessi yrki er það að segja að plönturnar frá Brekku og Fossvogsdal virðast bæði vera yrki það sem ég fékk úr tveim görðum á Akureyri fyrir nokkrum árum og ég hef kallað 'Gamla Akureyri'. Þetta er besta hindberjayrki sem ég hef reynt vegna þess að það er þyrna lítið, kelur lítið, kemur með ber snemma og berin eru afar bragðgóð þó þau séu smá. Þetta yrki hefur hingað til skilað árvissri uppskeru.

Þessum plöntum komum við fyrir á skurðbakka í heimareit hér í Kristnesi og merktum vandlega. Eftir ferðina hef ég frétt af fleiri gömlum vaxtarstöðum hindberja.



Beate í Fossvogsdal í Reykjavík



Helgi stingur upp plöntu í Brekku í Skagafirði.

Ný Yrki:

Hindber:

Borgund
Asker

Plóma:

Opal

Rifs:

Witte parel

Jarðarber:

Tenira

Uppskeran:

Óvenju mikil uppskera var á sólberjarunnum. Runnarnir eru á nokkuð mismunandi aldri og því ekki fyllilega samanburðarhæfir. Runnarnir eru taldir ofanfrá og niður brekku. Það er þurrast efst.

Nikkala	1770.....16/8
Melalathii	1300.....16/8
Melalathii	2260.....16/8
Melalathi 2880+1650=	4530...16/8/31/8
Jankisjavi	4100.....31/8

Sunderbyn	2353.....30/8
Nikkala	1500+1547= 3047.....10/8/30/8.....Smá
Benalder	vanta tölur
Bensaker	vanta tölur
Imandra	Engin ber, vorfrost á blóm. Rússi sem laufgast um miðjan vetur.
Polar	6300.....28/8Stór og falleg

Alls fengust 81 kg af jarðarberjum í aldingarðinum. Mest Glima, þá Bounty og svo Korona. Lítillega af öðrum yrkjum. Yrkið 'Honeoye' komst á uppskeru aldur í sumar og framleiddi gríðarlegt magn berja. Nokkur hluti þeirra myglaði á plöntunni og þeir sem fengu að smakka voru á einu máli um að þetta væru bragðlökustu ber sem þeir höfðu smakkað. Ég las sænska grein um þetta yrki þar sem því var kennt um að fólk þar væri orðið fráhverft lífrænum jarðarberjum vegna þess að þetta bragðslaka yrki hefur verið ráðandi í lífrænni ræktun þar. Korona náði að klára uppskeru tímamann í aldingarðinum en Koronu plönturnar sem eru á nýræktinni náðu ekki að þroska öll ber fyrir frost. Nokkur Korona ber voru um 70 gr. Sannkallaðir risar.

Nokkur blómgun var í berjablátöpp og örfá ber voru þroskuð í júlí lok. Plöntunnar eru hraustar þrátt fyrir að lifna snemma.

Hindber gáfu á milli 2-3 kg. Langmest 'Gamla Akureyri'. Góð uppskera var einnig í stikilsberjum og skipti kílóum, 2-3 kg á runna, álíka mikið á rauðum og gulum Hinomaki.

Almennt:

Mikil uppskera var í sólberjum, sú mesta sem sést hefur. Polar átti samt metið með 6,3 kg af runnanum. Engin epli eða kirsuber náðu þroska eða voru nærri því. Einstaka smá vísir sem ekkert stækkaði. Kyrkingur er flestum ávaxtrjám. Ranabjalla er orðin viðvarandi plága í jarðaberjaræktuninni, þ.e.a.s lirlan sem étur ræturnar. Allar jarðarberja kynbótaplönturnar brugðust og er með mjög seinan uppskerutíma. Jafnar eða á eftir Korona

Að lokum:

Aldingarðurinn er áhugamál þeirra Helga Þórssonar og Beate Stormo í Kristnesi ásamt Hönnu Láru Magnúsdóttur á Akureyri. Garðurinn tekur sinn tíma og borgar til baka í berjum og gleði. Síðustu tvö ár hefur aldingarðurinn hlotið opinberan styrk vegna mikilvægis við varðveislu erfðafnis. Þá hafa garðeigendur miðlað þekkingu og plöntum til garðeigenda og garðyrkjustöðva og útlit er fyrir að það verði allt með svipuðu sniði áfram.

Kristnesi 8/3 2008 Helgi Þórsson